um till. til þál. um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Hinn 13. október s. l. gerðist sá fáheyrði atburður, að forsætisráðherra, Jóhann Hafstein, tilkynnti í sjónvarpsviðtali, að ríkisstjórnin áformaði að setja lög um almenna verðstöðvun. Yfirlýsing forsætisráðherra veitti ýmsum aðilum í landinu aðstöðu til að búa sig undir verðstöðvunina í nærri 3 vikur. Afleiðingarnar urðu þær, eins og kunnugt er, að miklar verðhækkanir áttu sér stað, eftir að yfirlýsingin var gefin og fram til þess, að verðstöðvunin tók gildi.

Yfirlýsing forsætisráðherra í sjónvarpsviðtalinu er einstæð í sinni röð. Áður hafði því alltaf verið haldið fram, að verðstöðvun ákveðna af Alþingi eða aðra löggjöf, sem varðaði skyndibreytingar á verðlagi, þyrfti að afgreiða með sérstökum hætti, þannig að tryggt væri, að einstakir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í verðbreytingarmálum, gætu ekki hagnazt á upplýsingum um meðferð slíkra mála.

Í þetta skipti voru allar fyrri reglur brotnar og varla annað sjáanlegt en að beinlínis væri að því stefnt að aðvara ýmsa aðila um, hvað í vændum væri.

Lítill vafi er á því, að upplýsingar af því tagi, sem forsætisráðherra gaf í þessu máli, hefðu alls staðar utan Íslands verið taldar til ósæmilegra trúnaðarbrota.

Þess er skemmst að minnast í þessu sambandi, er forsætisráðherra Noregs lét ummæli falla við landa sinn um málefni, sem vafi gat leikið á, að hann hefði leyfi til að ræða á því stigi málsins. Hinn norski forsætisráðherra játaði strax, að sér hefðu orðið á mistök, og almenningsálitið í Noregi kvað strax upp þann dóm, að forsætisráðherrann yrði að segja af sér.

Hvað halda menn, að gerzt hefði í Noregi, ef forsætisráðherrann hefði veitt kaupsýslumönnum þar í landi upplýsingar um, að í ráði væri að setja verðstöðvunarlög, og veitt þeim þannig möguleika til að krækja sér í álitlegan gróða með því að hagræða verðlagi, áður en til verðstöðvunarinnar kom? Efast nokkur um, að þar í landi hefði slíkur forsætisráðherra orðið að víkja úr embætti sínu þegar í stað?

Um það verður ekki deilt, að miklar verðhækkanir áttu sér stað í landinu á þeim tíma, sem leið frá því, að Jóhann Hafstein gaf upplýsingar sínar í sjónvarpsviðtalinu 13. október, og þar til verðstöðvunin tók gildi 1. nóvember. Ekki liggur hins vegar nægilega ljóst fyrir, hvað þessar verðhækkanir voru miklar í öllum greinum, og ekki heldur, hverjar þeirra verða að teljast eiga beinlínis rætur að rekja til upplýsinga hans í sjónvarpsviðtalinu.

Af þeim ástæðum fluttum við þingmenn Alþýðubandalagsins í neðri deild tillögu um, að ýtarleg rannsókn yrði látin fara fram á aðdraganda verðstöðvunarinnar og því atriði sérstaklega, hver áhrif upplýsingar forsætisráðherrans mundu hafa haft í verðlagsmálunum. Tillaga okkar er um sérstaka rannsókn á málinu sem heild og þá um leið á því, hvort framkoma ráðherrans fái staðizt lög og reglur.

Það má furðulegt teljast, að forsætisráðherrann og stuðningsmenn hans á Alþingi skuli hafa brugðizt við tillögu okkar á þann hátt, sem raun er á. Þeir neita með öllu, að rannsókn hlutlausrar nefndar fari fram, en ætla þess í stað að beita meirihlutaaðstöðu sinni á þingi til þess að vísa tillögu okkar frá.

Meirihlutaaðstaða stjórnarflokkanna á Alþingi getur ekki komið í veg fyrir það, að almenningur í landinu kveði upp sinn dóm um þátt forsætisráðherrans í þessu máli.

Það er skoðun mín, að í rauninni sé ósæmilegt að láta ekki fram fara hlutlausa rannsókn á þessu máli, svo að allur sannleikur þess megi koma í ljós. Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1971.

Lúðvík Jósefsson.